

Sp.

88. Fyrirspurnir.

[86. mál]

I. Til fjármálaráðherra um kaup lífeyrissjóða á skuldabréfum samkvæmt lánsfjáráætlun.

Frá Helga Seljan.

Hvernig hafa lífeyrissjóðirnir staðið skil á kaupum skuldabréfa af opinberum fjárfestingarlánasjóðum í samræmi við lánsfjáráætlun þessa og síðasta árs?

Ef um vanskil er að ræða, hverjir eru þá stærstu aðilarnir, sem ekki hafa staðið skil á þessum skuldabréfakaupum, og hversu háar upphæðir er þar um að ræða?

II. Til sjávarútvegsráðherra um rækjuveiðar við Húnaflóa.

Frá Árna Gunnarssyni.

Hyggst sjávarútvegsráðherra breyta þeim reglum, sem nú gilda um skiptingu rækjuafla úr Húnaflóa, í ljósi þeirra breytinga, sem orðið hafa á atvinnuöryggi þeirra staða er aflans hafa notið?